

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Þuríðarstaðir, Fljótshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 21. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði á eyðijörðinni Þuríðarstöðum í Eyvindarárdal, breytist í opið svæði til sérstakra nota fyrir skotæfingasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2008.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*